

Stjórnarfundur 17.nóvember 2020

Fundargerð SÍK

Mættir: Eysteinn Pétur Lárusson, Olga Bjarnadóttir, Guðmundur Sigurbergsson, Hólmfríður Kristjánsdóttir, Einar Þorvarðarson og Arnór Daði Gunnarsson.

Fjarverandi: Hanna Carla Jóhannsdóttir, Jón Finnbogason, Sigmundur Einar Másson og Sverrir Kári Karlsson

- 1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt
- 2) Erindi frá starfsmönnum SÍK. Frístundavagninn er að fara af stað á morgun miðvikudag 18.nóvember. Búið að senda tilkynningu á frístundaheimilin um það.
- 3) Reglugerðir SÍK. Eysteinn, Hanna Carla og Olga hafa lesið yfir reglugerðirnar um styrkúthlutunir. Á setja tillögur að breytingum inn í wordskjal og lagt fyrir á næsta fundi. Kalla eftir wordskjali frá Kópavogsbæ til breytinga.
- 4) Staðan hjá félögunum í Covid. Rennt yfir samantekt eftir upplýsingaöflun frá félögum innan SÍK. Staðan alvarleg. Farið yfir verkferla afgreiðslu Kópavogsbæjar vegna úthlutunar ríkisins 600miljónir. Miklar áhyggjur af brottfalli iðkenda 16 ára og eldri. Nú þegar farið að bera á brottfalli einstaklinga á þessum aldri.
- 5) Önnur mál
  - a. Fá aðgang til að koma fundargerðum inná heimasvæði SÍK. Starfsmönnum falið að ganga í það verkefni
  - b. Rafleikjafélag. Mikið spurt um það hvort félögin ætli að stofna rafleikjafélag. Rafleikjafélag Kópavogs frekar en hvert félag myndi stofna sér deild. Starfsmönnum SÍK falið að kanna eftirspurn hjá félögunum og vinna málið áfram. Skoða þetta svo áfram með Kópavogsbæ.

Næsti fundur í desember.

Fundi slitið 12:43